



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 8/2016

Drög að reglum um tæknilega staðla vegna stórra áhættuskuldbindinga

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en miðvikudaginn 31. ágúst nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjól“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

1. júlí 2016

REGLUR

um tæknilega staðla vegna stórra áhættuskuldbindinga.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

2. gr. *Ákvörðun heildarfjárhæðar stórra áhættuskuldbindinga.*

Við ákvörðun á heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptamanna skal fjármálafyrirtæki fara eftir ákvæðum reglugerðar Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1187/2014 frá 2. október 2014, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr. *Birting tæknilegra staðla.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1187/2014 frá 2. október 2014 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi ákvörðun á heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga vegna undirliggjandi eigna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptamanna.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1187/2014 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1464963032041&uri=CELEX:32014R1187>.

4. gr. *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í d-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 1. október 2016.